



Ríkiskaup
Borgartúni 7c
105 Reykjavík
b.t. Indriði Waage

Reykjavík, 12. febrúar 2021

Með vísan til útboðs Bankasýslu Ríkisins, sem birt var á vef Ríkiskaupa þann 2. febrúar 2021 lýsir Fyrirtækjaráðgjöf og Verðbréfamiðlun Íslandsbanka hf. („Fyrirtækjaráðgjöf“) með bréfi þessu yfir áhuga á að taka að sér hlutverk söluráðgjafa á hlut í Íslandsbanka hf. („Íslandsbanki“). Tengiliður hjá Fyrirtækjaráðgjöf er Atli Rafn Björnsson, forstöðumaður deildarinnar; netfang arb@isb.is, sími 844-4739.

Upplýsingar um hæfni og reynslu ráðgjafa

Fyrirtækjaráðgjöf veitir alhliða þjónustu varðandi kaup og sölu fyrirtækja auk þess að framkvæma útboð og skráningu verðbréfa á skipulagðan verðbréfamarkað. Viðskiptavinir eru ýmist efnameiri einstaklingar, fyrirtæki, stofnanafjórðingar, svo sem lífeyrissjóðir, auk opinberra aðila. Fyrirtækjaráðgjöf hefur verið metin leiðandi aðili á markaði undanfarin ár samkvæmt könnun Gallup meðal stjórnenda 300 stærstu fyrirtækja landsins. Starfsmenn eru 11 talsins sem er stórt og öflugt teymi á íslenskan mælikvarða. Fyrirtækjaráðgjöf hefur því bolmagn til að bæði taka að sér stór verkefni og að sinna fjölda verkefna í einu án þess að það komi niður á gæðum þjónustunnar. Fyrirtækjaráðgjöf nýtur eftir atvikum stuðnings annarra deilda innan Íslandsbanka, svo sem fjárfestatengsla í gegnum öflugra starfsemi á sviði eignastýringar og verðbréfamiðlunar, bakvinnslu og greiðsluþjónustu. Deildin er því í kjörstöðu til að veita viðskiptavinum faglega og virðisaukandi þjónustu.

Starfsfólk Fyrirtækjaráðgjafar býr yfir yfirgripsmikilli reynslu af viðskiptum með skráða og óskráða fjármálagerninga. Það hefur leitt til þess að hátt hlutfall verkefna sem deildin tekur að sér, hvort sem er í formi almennra útboða eða sölufarla, hefur verið lokið með farsælum viðskiptum. Frá árinu 2015 hefur Fyrirtækjaráðgjöf lokið 52 viðskiptum er lúta að kaupum, sölum og hlutafjárútboðum; jafnt innanlands sem erlendis. Viðskiptafjárhæð þeirra verkefna nam samtals 217 milljörðum króna að heildarvirði. Þar af voru 14 kaupverkefni, 26 söluverkefni, 2 yfirtökutilboð og 10 hlutafjárútboð. Þá hefur Fyrirtækjaráðgjöf tekið þátt í 8 af 16 nýskráningum félaga á Aðallista Kauphallar frá árinu 2010 auk þess að hafa haft umsjón með tveimur af fjórum yfirtökutilboðum sem gerð hafa verið í Kauphöll Íslands undanfarin ár.

Reynsla á tímabilinu frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2020 af sölu á hlutum og almennum útboðum í fjármálafyrirtækjum í Evrópu, þar með talið tegund, stærð og hlutverk í hverri lokinni sölu.

Fyrirtækjaráðgjöf lauk viðskiptum á tveimur fjármálafyrirtækjum í Evrópu á ofangreindu tímabili.

- Borgun:** Fyrirtækjaráðgjöf hafði umsjón með sölu á fyrirtækinu fyrir hönd Íslandsbanka og hóps einkafjárfesta. Umfangsmikið opið og alþjóðlegt sölufarli var framkvæmt þar sem félagið var markaðssett, einkum í Evrópu og Bandaríkjunum, til fjölmargra mögulegra kaupenda. Sölufarlið var unnið í samstarfi við erlendan ráðgjafa. Niðurstaðan fól í sér sölu á 96% hlutafjár til Salt Pay Co, félags í eigu fjárfesta af brasilískum uppruna. Þrátt fyrir íþyngjandi áhrif af COVID-19 á rekstur félagsins var gengið frá viðskiptum í júlí 2020.



2. **Arion banki:** Fyrirtækjaráðgjöf var einn af umsjónaraðilum með sölu („co-lead manager“) í frumútboði Arion banka. Fyrirtækjaráðgjöf framkvæmdi sjálfstæða greiningu og kynningu á Arion banka sem var kynnt innlendum fjárfestum, svo sem efnameiri einstaklingum, verðbréfasjóðum, tryggingafélögum og lífeyrissjóðum. Kynningarferlið gekk vonum framar og skapaðist sterk eftirspurn frá íslenskum fjárfestum í ferlinu. Verðbréfamiðlun Íslandsbanka safnaði áskriftum samtals að fjárhæð 18 milljarðar króna sem voru lagðar inn í tilboðsbók útboðsins.

Reynsla á tímabilinu frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2020 af sölu á eignarhlutum og almennum útboðum í fyrirtækjum á Íslandi, þar með talið tegund, stærð og hlutverk í hverri lokinni sölu.

Fyrirtækjaráðgjöf lauk sölu á eignarhlutum í 25 fyrirtækjum og hafði umsjón með 9 hlutafjárútboðum á ofangreindu tímabili. Að neðan er stutt lýsing á völdum verkefnum.

1. **Icelandair Group:** Fyrirtækjaráðgjöf var, ásamt fleirum, ráðgjafi Icelandair Group við endurskipulagningu og umsjónaraðili vel heppnaðs hlutafjárútboðs í september 2020. Hlutverk Íslandsbanka fólst í ráðgjöf, viðræðum og samningsgerð við íslenska og erlenda kröfuhafa og lánardrottna, íslensk stjórnvöld og aðra haghafa. Fyrirtækjaráðgjöf leiddi líkanagerð og greiningu við mat á lausafjárþörf félagsins auk kortlagningar áhrifa einstakra samninga við hagaðila. Ferlið leiddi til aukningar í lausafjárstöðu Icelandair Group að fjárhæð 300 milljónir dollara.

Í aðdraganda útboðsins hafði Fyrirtækjaráðgjöf milligöngu, ásamt fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, um að útvega sölutryggingu frá Íslandsbanka og Landsbankanum, samtals að fjárhæð 6 milljarðar króna. Íslandsbanki var umsjónaraðili hlutafjárútboðs félagsins, ásamt Landsbankanum, sem fól í sér sölu og útgáfu nýs hlutafjár að fjárhæð 23 milljarðar króna. Umfangsmikil vinna var unnin af hálfu Fyrirtækjaráðgjafar við undirbúning sölugagna, svo sem fjárfestakynningar. Fyrirtækjaráðgjöf tók virkan þátt í fjárfestakynningum og söfnun áskrifta ásamt því að hafa umsjón með gerð lýsingar, skráningu og töku nýrra hlutabréfa í félaginu til viðskipta í Kauphöll. Jafnframt sá Fyrirtækjaráðgjöf um gerð sérstakrar lýsingar fyrir áskriftarréttindi sem fylgdu nýjum hlutum og skráningu þeirra í Kauphöll.

Heildarfjöldi áskrifta í útboðinu voru yfir 9 þúsund og eftirspurn var alls 37,3 milljarðar króna. Í kjölfar útboðsins fjölgaði hluthöfum Icelandair úr 4 þúsund í tæplega 12 þúsund. Félagið er í dag fjölmennasta almenningshlutafélag á Íslandi og hefur ríkt mikil ánægja um niðurstöðu verkefnisins.

2. **Reitir:** Fyrirtækjaráðgjöf veitti Reitum ráðgjöf, í samstarfi við Arctica Finance, við undirbúning forgangsréttarútboðs og almenns útboðs á nýju hlutafé í félaginu haustið 2020. Jafnframt sá Fyrirtækjaráðgjöf um gerð lýsingar fyrir félagið sem birt var í aðdraganda útboðsins. Útboðið heppnaðist vel og nam söluandvirði nýrra hluta 5,2 milljörðum króna.
3. **Reginn:** Fyrirtækjaráðgjöf var umsjónaraðili forgangsréttarútboðs á nýju hlutafé fyrir Reginn haustið 2020. Heildareftirspurn nam 2,6 milljörðum króna og tilboðum var tekið fyrir 600 milljónir króna.
4. **Icelandair Hotels:** Fyrirtækjaráðgjöf var ráðgjafi Icelandair Group, ásamt erlendum ráðgjafa, við sölu á Icelandair Hotels og tengdum fasteignum. Rekið var opið og alþjóðlegt sölufarli þar sem félagið var markaðssett fyrir um 140 mögulegum kaupendum víðsvegar um heiminn. Niðurstaðan var að selja 75% hlut í félaginu til malasísku fyrirtækjasamstæðunnar Berjaya Group fyrir 60 milljónir dollara. Fyrirtækjaráðgjöf hafði einnig umsjón með endurfjármögnun Icelandair Hotels á meðan á sölufurfinu stóð ásamt því að aðstoða við breytingar á innra skipulagi félagsins. Til viðbótar var samið um sölurétt Icelandair Group á eftirstæðum 25% hlut félagsins í Icelandair Hotels. Þrátt fyrir íþyngjandi áhrif af COVID-19 á rekstur félagsins var gengið frá viðskiptum í apríl 2020.



5. **Icelandair Group:** Fyrirtækjaráðgjöf hafði umsjón með útgáfu og sölu nýs hlutafjár í félaginu til PAR Capital Management vorið 2019. Gengið í viðskiptunum var 9 krónur á hlut og nam söluandvirðið 5,6 milljörðum króna sem jafngilti 11,5% af útgefnu hlutafé félagsins. Eftir viðskiptin varð PAR stærsti hluthafi Icelandair Group og í kjölfarið jók fjárfestingarsjóðurinn enn frekar við hlut sinn í félaginu.
6. **FAST-1:** Fyrirtækjaráðgjöf var ráðgjafi hluthafa FAST-1 við sölu á öllu hlutafé dótturfélaga FAST-1 árið 2018. Framkvæmt var stýrt sölufarli og varð niðurstaðan sú að allt hlutafé var selt til Regins fyrir 22,7 milljarða króna að heildarvirði. Kaupin voru fjármöggnuð með útgáfu á nýju hlutafé í Regin, reiðufé og yfirtöku áhvílandi skulda.
7. **HB Grandi:** Fyrirtækjaráðgjöf var ráðgjafi Brims (nú Útgerðarfélag Reykjavíkur) við framlagningu yfirtökutilboðs í allt hlutafé HB Granda árið 2018. Tilboðsskylda hafði virkjust við kaup Brims á 34% hlut Kristjáns Loftssonar og tengdra aðila í HB Granda. Stefna kaupanda var að halda HB Granda áfram skráðu á markað og í dreifðu eignarhaldi. Fyrirtækjaráðgjöf hafði milligöngu um að semja við stærstu hluthafa félagsins um að ganga ekki að yfirtökutilboðinu sem kaupanda var skylt lögum samkvæmt að leggja fram. Það ferli gekk vel og náðist samkomulag við 90,5% hlutahafa HB Granda. Hlutverk Fyrirtækjaráðgjafar var einnig að útvega bankaábyrgð áður en yfirtökutilboðið var lagt fram, leggja fram tilboðsyfirlit, hafa umsjón með samskiptum við hluthafa og gera upp viðskipti við þá aðila sem samþykktu tilboðið (3% hlutur). Í framhaldinu hafði Fyrirtækjaráðgjöf milligöngu um viðskipti HB Granda og Brims með allt hlutafé í útgerðarfélagi Ögurvíkur og Icelandic Asia. Heildarvirði viðskipta með Ögurvík nam 19,3 milljarðar króna og Icelandic Asia nam 4,2 milljörðum króna að heildarvirði.
8. **Norvik Timber Industries og Bergs Timber:** Fyrirtækjaráðgjöf var ráðgjafi Norvikur við sölu á starfsemi Norvikur í Bretlandi, Eistlandi, Lettlandi og Svíþjóð árið 2018. Kaupandi var Bergs Timber, skráð félag í sænsku kauphöllinni. Kaupverð var greitt með útgáfu hlutafjár í Bergs Timber og á Norvik í kjölfarið 65% hlutafjár í sameinuðu félagi.
9. **Icelandic Seachill:** Fyrirtækjaráðgjöf var ráðgjafi Framtakssjóðs Íslands, ásamt erlendum aðila, við sölu á 100% hlut í breska sjávarútvegsfélaginu Icelandic Seachill árið 2017. Framkvæmt var alþjóðlegt sölufarli og félagið markaðssett til fjölda aðila í sjávarútvegi víðsvegar um heiminn. Niðurstaðan leiddi til sölu á 100% hlut til breska matvælafyrirtækisins Hilton Food Group fyrir 84 milljónir punda að heildarvirði.
10. **Keahótel:** Fyrirtækjaráðgjöf var ráðgjafi Framtakssjóðsins Horns II, Tröllahvanna og Selen við sölu á 100% hlutafjár í Keahótelum árið 2017. Framkvæmt var alþjóðlegt sölufarli og félagið markaðssett jafnt til innlendra sem erlendra aðila. Niðurstaðan var sala til K Acquisitions; félags í eigu bandarísku fjárfestanna PT Capital og JL-Properties, auk Erkihvannar, hóps innlendra fjárfesta. Heildarvirði viðskipta nam 5,3 milljörðum króna.
11. **Icelandic Gadus:** Fyrirtækjaráðgjöf var ráðgjafi Framtakssjóðs Íslands við sölu á 100% hlut í belgíska sjávarútvegsfyrirtækinu Icelandic Gadus árið 2017. Framkvæmt var alþjóðlegt sölufarli og félagið markaðssett til fjölda innlendra og erlendra aðila. Niðurstaðan var sala á 100% hlut í félaginu til Steinasala ehf., félags í eigu Akurs fjárfestingarsjóðs og hóps íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Heildarvirði viðskipta nam 38,5 milljónum evra.
12. **Icelandic Ibérica:** Fyrirtækjaráðgjöf var ráðgjafi Framtakssjóðs Íslands við sölu á spænska sjávarútvegsfélaginu Icelandic Ibérica árið 2016. Iberica er einn helsti sölu- og dreifingaraðili á léttisöluðum þorski frá Íslandi. Framkvæmt var alþjóðlegt sölufarli og félagið markaðssett til fjölda innlendra og erlendra aðila í sjávarútvegi. Niðurstaðan var sala á 100% hlut til Solo Seafood ehf., félags í eigu



Sjávarsýnar og hóps íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja sem jafnframt voru mikilvægir birgjar Ibérica. Auk sölu félagsins var jafnframt samið við kaupanda um notkun á vörumerkinu Icelandic til ákveðins tíma. Heildarvirði viðskipta nam 41 milljón evra.

13. **PCC BakkiSilicon:** Fyrirtækjaráðgjöf var ráðgjafi PCC SE, sem er þýskt eignarhaldsfélag staðsett í Duisburg, við öflun fjármögnunar að fjárhæð 80 milljónir dollara árið 2015.

Reynsla á tímabilinu frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2020 sem ráðgjafar fyrir evrópskar ríkisstjórnir í sölu á eignarhlutum í fyrirtækjum, þar með talið tegund, stærð og hlutverk í hverri lokinni sölu.

Fyrirtækjaráðgjöf hefur ekki lokið sölu á eignarhlutum í fyrirtækjum fyrir evrópskar ríkisstjórnir á ofangreindu tímabili. Fyrirtækjaráðgjöf hefur hins vegar veitt opinberum aðilum á Íslandi ráðgjöf við fjármögnun, meðal annars með útgáfu og sölu skuldabréfa. Fyrirtækjaráðgjöf veitti Landsvirkjun og Landsneti ráðgjöf um endurfjármögnun Landsnets (en félagið hafði áður verið fjármagnað að fullu af efnahagsreikningi Landsvirkjunar) að fjárhæð 40 milljarðar króna. Þá hefur Fyrirtækjaráðgjöf haft umsjón með skráningu og sölu skuldabréfa fyrir Byggðastofnun, Garðabæ, HS Veitur, Kópavogsbæ og RARIK.

Árið 2014 hafði Fyrirtækjaráðgjöf milligöngu um sölu á 34,4% hlut í HS Veitum fyrir hönd 5 sveitarfélaga og Orkuveitu Reykjavíkur. Kaupandi var HSV eignarhaldsfélag, félag í eigu íslenskra lífeyrissjóða, framtakssjóðsins Akurs og einkafjárfesta.

Innlend og alþjóðleg hæfni á sviði miðlunar, sölu, dreifingu og gerð greiningarskýrsla á hlutabréfamaarkaði, sérstaklega vegna hlutabréfa norrænna og annarra evrópskra fjármálafyrirtækja.

Íslandsbanki starfrækir öfluga verðbréfamiðlun sem sérhæfir sig í að eiga milligöngu um viðskipti með skráð hluta- og skuldabréf auk viðskipta með verðbréfaafleiður, bæði í almennum viðskiptum og útboðum. Hjá verðbréfamiðlun starfa 7 sérfræðingar sem hafa náð góðum árangri og átti Íslandsbanki mestu samanlögðu veltu með hlutabréf og skuldabréf í Kauphöllinni árin 2019 og 2020. Verðbréfamiðlun á í reglulegum samskiptum við erlenda fagfjárfesta, bæði við miðlun skuldabréfa og hlutabréfa.

Geta til þess að vera viðskiptavaki með hlutabréf í Íslandsbanka og birta í framtíðinni greiningarskýrslur.

Íslandsbanki, sem útgefandi þeirra fjármálagerninga sem um ræðir, mun ekki vera í aðstöðu til að vera viðskiptavaki með eigin bréf og er að sama skapi ekki í aðstöðu til að birta greiningarskýrslur um Íslandsbanka.). Leiðir þetta af ákvæðum XII. kafla (Verðmyndun á skipulegum verðbréfamaarkaði) og II. kafla (Fjárfestavernd og viðskiptahættir fjármálafyrirtækja) laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og afleiddum reglugerðum.

Þekking á íslenskum aðilum sem gefið hafa út fjármálagerninga á alþjóðlegum mörkuðum.

Íslandsbanki hefur yfirgripsmikla þekkingu á helstu íslensku aðilum sem gefið hafa út fjármálagerninga á alþjóðlegum mörkuðum, svo sem ríki og fjármálastofnunum. Íslandsbanki hefur annast ráðgjöf við útgáfu og sölu skuldabréfa Landsvirkjunar sem gefin voru út undir EMTN (e. *Euro Medium Term Note*) ramma félagsins án ríkisábyrgðar og voru skráð í kauphöllinni í Lúxemborg. Þá er innan Íslandsbanka mikil reynsla af útgáfu á, sem og fjárfestingum í, skuldabréfum á erlendum mörkuðum, svo sem undir GMTN (e. *Global Medium Term Note*) ramma bankans.

Áhersla á samfélagslega ábyrgð og árvekni gagnvart mögulegum hagsmunaárekstrum.

Íslandsbanki hefur sett sér metnaðarfulla stefnu um sjálfbærni sem miðar að því að rekstur bankans verði til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi út frá alþjóðlegum viðurkenndum viðmiðum um umhverfismál,



félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS). Íslandsbanki stefnir á að vera leiðandi á sviði sjálfbærrar þróunar og vill vera hreyfiafl til góðra verka í samfélaginu. Í því samhengi stefnir bankinn á að eiga frumkvæði að viðtæku samstarfi um ábyrga viðskiptahætti sem stuðla að sjálfbærri þróun íslensks efnahagslífs og styðja við aðgerðaráætlun ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum og um leið heimsmarkmið Sp. Íslandsbanki hefur jafnframt sett sér stefnu um hagsmunaárekstra sem kveður m.a. á um hvernig greina og meta skuli hagsmunaárekstra í starfsemi bankans. Á grundvelli þeirrar stefnu hefur bankinn sett sér reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum. Í þeim er að finna reglur um gjafir og boðsferðir, reglur um viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga, reglur um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri og reglur um þóknanir, umboðslaun og annan ávinning við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu og reglur um aðskilnað starfseininga. Árlega sitja starfsmenn bankans sérstaka fræðslu um stefnu bankans um hagsmunaárekstra og reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.

Stutt ferilskrá lykilstarfsmanna sem munu leiða verkefnið



Atli Rafn Björnsson
Forstöðumaður
Fyrirtækjaráðgjöf

- Atli Rafn hefur starfað á fjármálamarkaði í yfir 17 ár, á Íslandi og í Bretlandi. Hjá Íslandsbanka hefur Atli Rafn starfað sem sérfræðingur í greiningardeild, á skrifstofu bankastjóra í forstjóratið Lárusar Welding og Birnu Einarsdóttur, sem viðskiptastjóri sjávarútvegsfyrirtækja á lánasviði en lengst af hefur Atli Rafn unnið við fyrirtækjaráðgjöf þar sem hann hefur verið forstöðumaður frá árinu 2019.
- Valin verkefni: Hlutfjárútboð Icelandair Group, yfirtökutilboð Strengs í Skeljung, yfirtökutilboð Brims í HB Granda, sala á Icelandair Hotels, sala á Keahótelum, sala á dótturfélögum Icelandic Group, sala á HS Veitum, kaup á Tandri, kaup á hlut í Eskju, kaup á Ölgerðinni, kaup Brims á Ögurvík og Icelandic Asia.
- Atli Rafn er með MABI og B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík ásamt því að hafa lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.



Ingvar Arnarson
Forstöðumaður
Verðbréfamíðlun

- Ingvar hefur starfað á fjármálamarkaði í yfir 17 ár. Hjá Íslandsbanka hefur Ingvar starfað sem sérfræðingur í greiningardeild en lengst af hefur Ingvar unnið við verðbréfamíðlun þar sem hann hefur verið forstöðumaður frá árinu 2019. Áður starfaði Ingvar hjá Landsbankanum við stýringu gjaldeyrisafleiðubókar auk þess að hafa starfað sem sjálfstæður ráðgjafi.
- Valin verkefni: Hlutfjárútboð Icelandair, skráningar ýmissa fyrirtækja á Aðallista Kauphallar, fjöldi frumútboða skuldabréfa og öll útgáfa sértryggðra skuldabréfa Íslandsbanka. Ingvar kom einnig að öllum gjaldeyrisútboðum Seðlabankans þar sem Íslandsbanki var stærstur þátttakenda.
- Ingvar er með M.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands ásamt því að hafa lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.




Rafn Árnason
Verkefnastjóri
Fyrirtækjaráðgjöf

- Rafn hefur starfað á fjármálamarkaði í yfir 17 ár, á Íslandi og í Bandaríkjunum. Hjá Íslandsbanka hefur Rafn starfað við verðbréfamíðlun og fyrirtækjaráðgjöf. Áður starfaði Rafn sem sérfræðingur á Fjármála- og Peningamálasviði Seðlabanka Íslands og við verðbréfamíðlun hjá SPRON.
- Valin verkefni: Hlutfjárútboð Icelandair Group, sala á Málmsteypu Þógríms Jónssonar, öflun hlutfjár fyrir PCC, sala á 365 miðlum, skráning Vodafone á Aðallista Kauphallar, sala á dótturfélögum Icelandic Group, sala á Logoflex, sala á Jarðböðunum, sala á Sjóböðunum og útgáfa skuldabréfa fyrir HS Veitur.
- Rafn er með M.Sc. í iðnaðarverkfræði frá Columbia University í New York ásamt því að hafa lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.



Guðmundur Finnbogason
Verkefnastjóri
Fyrirtækjaráðgjöf

- Guðmundur hefur starfað á fjármálamarkaði í yfir 6 ár. Hjá Íslandsbanka hefur Guðmundur starfað við fyrirtækjaráðgjöf. Áður starfaði Guðmundur á hagfræðisviði Viðskiptaráðs og í hagfræðideild Landsbankans.
- Valin verkefni: Hlutafjárútboð Icelandair Group, frumútboð Arion banka, yfirtökutilboð Strengs í Skeljung, sala á Keahótelum, sala á Kaffitár, kaup á Tandri, sala á Mjöll Frigg, kaup á völdum verslunum Basko, kaup á Ölgerðinni, kaup á hlut í Eskju og endurfjármögnun Landsnets.
- Guðmundur er með M.Sc. í fjármálum og hagfræði frá Warwick Business School og B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands ásamt því að hafa lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.



Hildur Haraldsdóttir
Lögfræðingur
Fyrirtækjaráðgjöf

- Hildur hefur starfað á fjármálamarkaði í yfir 5 ár. Hjá Íslandsbanka hefur Hildur lengst af starfað í lögfræðideild og hjá fyrirtækjaráðgjöf.
- Valin verkefni: Lýsingargerð fyrir hlutafjárútboð Icelandair Group, lýsingargerð fyrir hlutafjárútboð Reita, lýsingargerð fyrir skuldabréfaútboð Eikar, yfirtökutilboð Strengs í Skeljung, sala á Icelandair Hotels, sala á Kaffitár og sala á Málmsteypu Þorgríms Jónssonar.
- Hildur er með M.L. í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík.



Rúnar Benediktsson
Verðbréfamiðlun

- Rúnar Steinn hefur starfað á fjármálamarkaði í yfir 10 ár. Hjá Íslandsbanka hefur Rúnar starfað við miðlun hlutabréfa, skuldabréfa og gjaldeyris. Einnig hefur Rúnar starfað við verðbréfamiðlun hjá Fossum mörkuðum.
- Valin verkefni: Hlutafjárútboð Icelandair Group, frumútboð Arion banka, yfirtökutilboð Strengs í Skeljung, yfirtökutilboð Brims í HB Granda, fjöldi frumútboða skuldabréfa, miðlun eignarhluta í skráðum félögum í Kauphöll Íslands.
- Rúnar Steinn er með MCF í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík og B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands ásamt því að hafa lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.

Staðfesting á viðeigandi starfsleyfum aðila

Fjármálaeftirlitið veitir fyrirtækjum starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.). Í 1. mgr. 3. gr. fttl. er talið upp hvaða starfssemi er starfsleyfissskyld og 4. gr. fttl. kveður á um tegundir starfsleyfa.

Allar upplýsingar um gild starfsleyfi Íslandsbanka hf. er að finna á vef Fjármálaeftirlitsins http://www.fme.is/media/eftirlitsstarfssemi/Yfirlit-yfir-starfsheimildir_FME_16des2015.pdf.

Staðfesting á að aðili hafi kynnt sér ákvæði laga nr. 155/2012 og sjálfbærnistefnu og markmið Íslandsbanka hf.

Fyrirtækjaráðgjöf staðfestir að hafa kynnt sér ákvæði laga nr. 155/2012 ásamt því að hafa kynnt sér sjálfbærnistefnu og markmið Íslandsbanka hf.

Samþykki fyrir að birta yfirlýsingu með opinberum hætti

Íslandsbanki hf. samþykkir fyrir sitt leyti opinbera birtingu yfirlýsingar þessarar, eftir því sem við á.

Önnur atriði sem mögulegur ráðgjafi telur mikilvægt að koma á framfæri

Fyrirtækjaráðgjöf telur styrkleikamerki fyrir fyrirhugað sölufæri og skráningu Íslandsbanka að Fyrirtækjaráðgjöf bankans sé virkur þátttakandi í skráningarferlinu. Þátttaka Fyrirtækjaráðgjafar í verkefninu væri skýr traustsyfirlýsing og viðurkenning á þeim árangri sem bankinn hefur náð á undanförunum árum á verðbréfamarkaði á Íslandi.